

MINNISBLAÐ

DAGS.

09.07.2020

SENDANDI

Jón Skúli Indriðason

MÁLEFNI

Þvergarður undir Kubba - girðing

DREIFING

Hafsteinn Pálsson
Axel Rodriguez Överby
Sigurður Hlöðvesson

Inngangur

Girðing á toppi þvergarðs undir Kubba hefur verið að hreyfast undanfarin ár eða allt frá því að hún var sett upp í lok framkvæmda við garðinn. Nú er svo komið að halli hennar út úr lóðlínu er orðinn meiri en ásættanlegt getur talist. Eins hefur bil á milli girðingarnets og yfirborðs á garði aukist þ.a. hætta getur stafað af. Farið var í vettvangsskoðun 8.7. og aðstæður skoðaðar. Hér á eftir fylgir stutt umfjöllun um ástandið og það sem lagt er til að gert verði til úrbóta.

Skoðun og mælingar á girðingu

Mælingar hafa staðið yfir á girðingunni frá 2014 en framkvæmdum við garðinn lauk árið 2012. Nær allir staurarnir í girðingunni hafa færst út að ofan. Mesta frávik er um 21 cm. Þá hefur bil milli girðingarnets og yfirborðs aukist og er mest allt að 30-40 cm.

Ýmislegt kom í ljós við skoðun. Hæðarmunur á garðtoppi og efstu brún framhliðareininga í garði er víða mun meiri en eðlilegt getur talist, sum staðar allt að eða jafnvel meira en 0,5 m. Þetta leiðir til aukins álags á framhliðareininguna þ.a. hún ýtist út og girðingin fylgir með. Þá er greinilegt að sumir staurarnir hafa hallað frá byrjun þar sem þeir halla þar sem þeir koma upp úr steypa hólknunum og liggja út í öðru byrði hans. Grafið var niður með einum staur, staur númer 60 talið frá austurenda garðsins. Grafið var ca. 60 cm niður fyrir topp garðsins. Ekki var neitt geogrid aftan við steypa hólkin sem staurinn er festur ofan í og ekki þótti líklegt m.v. hversu laus hólkurinn var orðinn þegar komið var þetta djúpt að hann væri í fullri dýpt. Orsakir hreyfinga og aflögunar geta verið blanda af öllu þessu sem talið er upp hér að ofan en einnig getur verið að álag frá snjó og vindi þegar girðingin er full af snjó sé of mikið fyrir girðinguna þar sem girðingin stendur því sem næst þvert á aðalvindáttina á svæðinu NA áttina.

Aðgerðir

Ljóst er að fara þarf í aðgerðir til að koma ástandinu í viðunandi horf. Mælt er með því að komið verði upp annarri girðingu ca. 1 m innan við núverandi girðingu. Pláss á garðtoppnum er nægilegt til þess að svo megi verða. Réttast er að bora í garðtoppinn fyrir nýjum hólkunum sem staurar verði steiptir fastir í. Bora verður með snúnings-þrýstibor vegna þess grófa efnis sem virðist vera í garðtoppnum. Það er betra en að grafa fyrir hólkunum, þar sem slíkt getur skemmt geogriddið en fara þarf í gegnum tvö lög af því.

Talið er réttast að fjarlægja núverandi girðingu. Það verður að gera með því að saga staurana burtu niðri við yfirborð og skilja undirstöðuna eftir.

Til bráðabirgða þarf að ganga á girðinguna og kortleggja alla staði þar sem bil á milli nets og yfirborðs er meira en 10 cm. Þá staði skal meðhöndla þannig að festa skal borð innan á staurana þ.a. bilið lokist.

Myndir



Staur sem grafið var frá. Skríttinn frágangur við topp á hólki.



Halli á girðingunni sést vel. Einnig hæðarmunurinn á toppi garðs og frambrún.



Of mikið bil milli garðtopps og girðingarnets greinilegt



Mynd tekin upp garðinn. Efsti hlutinn er búinn að færast það langt út að það sést ekki í girðinguna.